

Fræðsluefni fyrir bankamarkað vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Fræðsluefni þetta er hugsað sem leiðbeiningar fyrir tilkynningarskylda aðila sem starfa á bankamarkaði og sæta eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Efninu er ætlað að auðvelda aðilum á þessum markaði að koma auga á grunsamleg viðskipti hvað varðar peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka en slík viðskipti ber að tilkynna til skrifstofu fjármálagreiningu lögreglu.

Það skal áréttað að efni þetta telst ekki tæmandi og er eingöngu sett fram í dæmaskyni.

Skilgreiningar

Hvað er peningaþvætti?

Það er kallað peningaþvætti þegar einstaklingur eða lögaðili tekur við eða aflar sér eða öðrum ávinnings með broti sem er refsivert samkvæmt almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Hér er einnig átt við það þegar einstaklingur eða lögaðili umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu, ráðstöfun eða flutningi ávinnings eða stuðlar á annan sambærilegan hátt að því að tryggja öðrum ávinning af slíkum refsiverðum brotum.

Hvað er frumbrot peningaþvættis?

Frumbrot er þau brot sem geta leitt af sér ólöglegan ávinning eða annan ágóða sem reynt er að þvætta. Frumbrot peningaþvættis geta verið öll brot á almennum hegningarlögum eða öðrum lögum. Dæmi um algeng frumbrot peningaþvættis eru fjársvik, fjárdráttur, skattalagabrot, fíkniefnabrot, spillingarbrot o.fl.

Þegar sami aðili fremur frumbrot og sér sjálfur um að þvætta ólöglegan ávinning er um sjálfþvætti að ræða.

Hvað er fjármögnun hryðjuverka?

Öflun fjár í þeim tilgangi eða með vitneskju um að nota eigi það til að fremja brot sem er refsivert skv. 100. gr. a – 100. gr. c almennra hegningarlaga.

Vápættir á bankamarkaði

Hvað er átt við með vápáttum?

Með vápáttum er átt við „rauð flögg“ eða merki um mögulega hættu á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka í starfsemi. Tilkynningarskyldum aðilum er skylt samkvæmt lögum nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka að rannsaka og tilkynna um allan grun eða vitneskju um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu. Grundvöllur þess að hægt sé að uppfylla framangreindar lagaskyldur er að til-

kynningarskyldir aðilar, stjórnendur þeirra og starfsmenn, skilji og þekki rauð flögg í starfsemi.

Vápættirnir eru ekki tæmandi taldir hér og eru settir fram í dæmaskyni.

1. Viðskiptamenn

Upplýsingar varðandi viðskiptamenn

- Viðskiptamaður neitar að gefa bankanum upplýsingar eða gefur litlar og óljósar upplýsingar sem erfitt er að sannreyna. Hann reynir t.d. að stofna til viðskipta án skilríkja eða gefur óljósar persónuupplýsingar
- Misræmi er í upplýsingum frá viðskiptamanni, s.s. varðandi heimilisfang, fæðingardag og tengiliðaupplýsingar
- Viðskiptamaður leggur fram upplýsingar sem virðast vera falsaðar eða auðkennir sig með gögnum sem virðast vera fölsuð, hefur verið breytt eða eru óáreiðanleg á annan hátt
- Viðskiptamaður er ekki með innlent heimilisfang eða innlenda starfsstöð.
- Viðskiptamaður veitir upplýsingar, s.s. um heimilisfang eða starfsstöð, sem hafa áður verið notaðar af öðrum viðskiptamönnum sem virðast ekki tengjast viðkomandi
- Viðskiptamaður er með bakgrunn sem samræmist ekki því sem mætti búast við miðað við þá starfsemi sem hann stundar

- Viðskiptamaður er óviljugur til að afhenda upplýsingar um eðli og tilgang viðskiptanna, fyrirhugaða veltu á reikningum, fyrri bankaviðskipti, nöfn á stjórnendum eða framkvæmdastjórum eða hvar starfsemin fer fram
- Önnur grunsamleg hegðun viðskiptamanns

Hreyfingar á reikningum eða milli reikninga

- Viðskiptamaður millifærir á marga reikninga sem hann á í mismunandi bönkum án sýnilegrar ástæðu
- Tíðar innborganir og úttektir viðskiptamanns á háum fjárhæðum eða í gjaldmiðli með engin sérstök tengsl við uppruna viðskiptanna
- Margir reikningar með margar lágur innborganir. Einstaklingur stofnar marga reikninga og leggur inn fjölda lágra fjárhæða í reiðufé
- Mikill fjöldi lágra innborgana á skömmum tíma
- Reikningar með mjög virkar innborganir og úttektir á lágum fjárhæðum
- Háar innborganir á reikning og hárrí fjárhagsstöðu er viðhaldið á reikningnum án sýnilegrar ástæðu
- Greiðslur inn á reikninga með engin sýnileg tengsl við lög-mæta samninga, vörur eða þjónustu
- Reikningar eru notaðir sem tímabundin geymsla fyrir fjármuni. Lítil virkni er á reikningunum þar til fjármunirnir eru teknir út úr bankanum og stundum færðir yfir á erlenda reikninga

- Skyndileg, óútskýrð aukin virkni á reikningi sem hefur verið óvirkur um tíma
- Stofnaður er reikningur með höfuðstól sem svo hækkar verulega á skömmum tíma
- Margir einstaklingar sem nota einn og sama reikninginn
- Óvenjulega háar innborganir viðskiptamanns inn á fyrirtækjareikninga, (t.d. vörslureikninga)
- Millifærslur fjármuna af fyrirtækjareikningi inn á einstaklingsreikning starfsmanns eða einstaklinga tengdum starfsmanninum og öfugt
- Reikningur rekinn í nafni aflandsfélags með skipulögðum hreyfingum fjármuna

2. Millifærslur milli ríkja

- Millifærslur til eða frá ríkjum þar sem strangar reglur um bankaleynd gilda eða öðrum áhættusömum ríkjum. T.d. mikill fjöldi innborgana lágra fjárhæða inn á reikning og nánast samstundis er óskað eftir millifærslu af reikningnum

- Háar fjárhæðir berast inn á reikning með millifærslum frá erlendum aðila, án sérstakra skýringa
- Millifærslur frá öðru ríki sem eru óútskýrðar, endurteknaðar eða sýna óvenjulegt mynstur
- Háar fjárhæðir millifærslna á milli ríkja, sem fara um reikning viðskiptamanns og sem samrýmast ekki venjulegri starfsemi hans
- Háar og reglulegar millifærslur sem ekki verða auðkenndar sem löglegar millifærslur, milli ríkja sem tengd hafa verið við framleiðslu, úrvinnslu eða markaðssetningu á fíkniefnum eða öðrum ólöglegum fíkniefnum, eða aðra glæpastarfsemi
- Greiðslufyrirmæli innihalda ónákvæmar upplýsingar um þann einstakling sem gefur fyrirmælin og þann aðila sem tekur við greiðslunni.

Hvað er aflandsfélag?

Aflandsfélag er félag sem er skráð á erlendu landsvæði eða eyríkjum sem tengjast stærri þjóðum og veita einstaklingum eða lögaðilum bankaþjónustu utan eiginlegs starfsvettvangs þeirra. Þessi svæði eru skilgreind sem skattaskjól fyrir aðila sem standa að baki félögunum. Helstu einkenni skattaskjóla samkvæmt OECD eru m.a. enginn eða mjög lágur tekjuskattur, skortur á skilvirkum upplýsingum, skortur á gagnsæi og að engin raunveruleg starfsemi fer þar fram. Hlutverk þeirra er að vera aðsetur fyrir svokölluð skúffufélög, útvega möguleika á að skrá og færa bókhald eftir geðþótta og koma í veg fyrir að skattayfirvöld geti rannsakað bankareikninga. Þetta hefur áhrif á skattkerfi annarra ríkja og ýtir undir skattsvik, skattasniðgöngu, peningaþvætti, mútur og spillingu.

3. Viðskipti sem hafa óskýran eða engan fjárhagslegan tilgang

- Greiðslur berast inn á kreditkort viðskiptamanns eða inn á reikning hans með reiðufé, tékka eða debet-korti frá þriðja aðila
- Greiðslur berast inn á kreditkort viðskiptamanns eða inn á reikning hans með reiðufé eða debet-korti frá mismunandi stöðum eða mismunandi reikningum
- Millifærslur fjármuna frá ýmsum þriðju aðilum inn á reikning viðskiptamanns, sem samrýmast ekki eðli og tilgangi starfsemi viðskiptamannsins
- Skyndileg og mikil notkun á reikningi, án eðlilegra skýringa, sem hingað til hefur verið óvirkur, og er notaður til að taka á móti eða leysa út óeðlilega háar fjárhæðir með engan tilgang eða tengsl við viðskiptamanninn eða starfsemi hans
- Háar fjárhæðir lagðar inn á reikning hjá viðskiptamanni sem samrýmast ekki launum hans og samanlögð velta er hærri en launavelta hans
- Óvænt endurgreiðsla yfirdráttar að mjög hári fjárhæð sem kominn er í vanskil, án skýringa
- Óvænt endurgreiðsla láns frá þriðja aðila fyrir hönd viðskiptamannsins
- Viðskiptamaður óskar eftir óvenju skammri endurgreiðslu-áætlun
- Endurgreiðsla láns sem er í ósamræmi við áætlaðar tekjur viðskiptamannsins

- Endurgreiðsla láns fyrir gjalddaga og þar sem sótt er um annað lán í kjölfarið, sérstaklega þegar það er ítrekað gert
- Ítrekuð fasteignaviðskipti án þess að tilgangur þess sé skýr
- Viðskiptamenn með jákvæða stöðu á kreditkorti

4. Viðskipti með reiðufé

- Tíðar úttektir á háum fjárhæðum í reiðufé sem virðast ekki vera í samræmi við starfsemi viðskiptamannsins
- Háar fjárhæðir í reiðufé teknar út af óvirkum reikningi
- Há fjárhæð reiðufjár er tekin út og samstundis lögð inn á annan reikning
- Innborgun í reiðufé á einum stað er tekin út nánast samstundis á öðrum stað
- Skipti á óvenjulega mörgum seðlum með lágt peningagildi í seðla með hátt peningagildi
- Viðskiptamenn sem eru í samstarfi og fá samtímis mismunandi gjaldkera til að framkvæma umfangsmiklar millifærslur á reiðufé eða erlendum gjaldeyri
- Viðskiptamenn sem leggja inn fjármuni með fölsuðum peningaseðlum
- Háar greiðslur í reiðufé inn á ógreitt kreditkort
- Viðskiptamenn sem hafa jákvæða stöðu á kreditkortum og óska síðan eftir því að fá endurgreiðslu í reiðufé eða annars konar endurgreiðslu

- Skyndileg aukning á innborgunum í reiðufé, án sýnilegrar ástæðu, sérstaklega ef slíkar innborganir eru svo teknar út af reikningnum stuttu síðar og millifærðar á reikning í öðru ríki, sem samrýmist ekki viðskiptasögu viðskiptamannsins
- Viðskiptamaður kemur á margar starfsstöðvar með reiðufé eða rafeyri í þeim tilgangi að senda fjármunina yfir landamæri
- Erlendar millifærslur í reiðufé til sama aðila, framkvæmdar af fjölda mismunandi einstaklinga, án sérstakrar ástæðu
- Viðskiptamenn sem nýta sér nafnlaus fyrir fram greidd kort og leggja reiðufé inn á þau - til að leggja síðar fjárhæðina inn á annan reikning
- Viðskiptamaður endurgreiðir lán með reiðufé

5. Viðskipti sem tengjast fjármálagerningum

- Óskir viðskiptamanns um fjárfestingarþjónustu þegar uppruni fjármunanna er óljós eða ekki í samræmi við stöðu viðskiptamannsins
- Kaup á fjármálagerningi með engan merkjanlegan tilgang eða undir kringumstæðum sem virka óeðlilegar, t.d. ef viðskiptamaður kaupir fjármálagerning en er sama um tap
- Þriðji aðili, sem er óþekktur og með engin tengsl við viðskiptamanninn, leggur fram tryggingu eða ábyrgð án sýnilegrar ástæðu
- Viðskiptamaður óskar eftir því að hafa fjárvörslu- eða viðskiptareikninga sem virðast ekki í samræmi við starfsemi hans

6. Viðskipti sem kunna að tengjast skattalagabrotum

- Uppruni umtalsverðra innborgana eða úttekta er ekki í samræmi við yfirlýstan tilgang með reikningnum.
- Viðskiptamaður getur ekki gefið skýringar á millifærslum til og frá erlendu ríki sem er þekkt fyrir að vera lágskattasvæði og/eða sem gerir veikar kröfur til eftirlits. (s.s. til áreiðanleikakannana og varðveislu gagna)
- Endurinnborgun eða fjárfesting fjármuna aftur inn í upp-runalegt ríki eða lögsögu, eftir að þeir hafa verið millifærðir til annars ríkis eða lögsögu sem gerir veikar kröfur til eftirlits (s.s. varðandi áreiðanleikakannanir og varðveislu gagna)
- Viðamikil eða aukin notkun á öryggishólfi án sýnilegrar ástæðu og sem samrýmist ekki starfsemi eða bakgrunni viðskiptamannsins sem á í hlut

7. Aðrir vápættir

- Hreyfingar á reikningi samræmast ekki stöðu viðskiptamanns, t.d. aldri, stöðu eða tekjum og hann getur ekki gefið haldbæra skýringu á tilgangi viðskiptanna
- Tíðar breytingar á heimilisföngum eða samningsaðilum
- Tekið er við háum fjárhæðum og þær samstundis notaðar sem veðtrygging fyrir bankapjónustu
- Þegar einstaklingur móttekur fjármuni frá trúar- eða góðgerðarsamtökum og notar fjármunina til að kaupa eignir eða millifærir innan skamms tíma
- Þegar viðskiptamaður óskar eftir því að láta senda kreditkort eitthvað annað en á heimilisfang eða starfsstöð viðskiptamannsins

- Viðskiptamaður notar milligönguaðila sem sæta ekki fullnægjandi eftirliti varðandi peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Bankastarfsmenn

- Lífstíll sem samræmist ekki launum starfsmannsins
- Starfsmaður vanrækir að fylgja ferlum og eftirliti bankans, sérstaklega banka í einkaeigu
- Lítil vilji starfsmanns til þess að taka frí og sérstaklega ekki yfir mánaðamót

8. Vápættir tengdir fjármögnun hryðjuverka

- Grunsamlegar millifærslur mjög hárra fjárhæða, bæði innanlands og erlendis
- Millifærslur til ríkja eða fyrirtækja sem hafa verið tengd við hryðjuverkastarfsemi eða einstaklinga sem hafa verið yfirlýstir hryðjuverkamenn
- Lágur fjárhæðir sem koma inn í landið frá erlendum ríkjum og fjármunirnir síðan notaðir í starfsemi hér á landi
- Fjármunir sem koma út úr viðskiptum í eigu ríkisborgara ríkja sem hafa verið tengd við hryðjuverkastarfsemi

- Millifærslur sem tengjast óþekktum og/eða óskráðum góðgerðarsamtökum
- Kaup og sala á erlendum gjaldeyri til og frá ríkjum í Mið-Austurlöndum
- Hreyfing viðskiptareiknings af hálfu ríkisborgara ríkja sem hafa verið tengd við hryðjuverkastarfsemi án nokkurra sýnilegra tengsla við félagið eða viðskiptin
- Viðskiptamenn sem nýta sér nafnlaus fyrir fram greidd kort og leggja reiðufé inn á þau - til að leggja síðar fjárhæðina á annan reikning
- Viðskiptamenn sem hafa verið nefndir af fjölmiðlum eða löggæsluyfirvöldum og hafa ferðast eða gert tilraunir til að ferðast til áhættusamra ríkja, sérstakra ríkja þar sem stríðsástand eða pólitískur óróleiki ríkir og ríkja sem þekkt eru fyrir að styðja við hryðjuverkastarfsemi eða samtök. Þetta á einnig við um viðskiptamenn sem framkvæma ferða-tengdar greiðslur sem tengjast slíkum ríkjum, s.s. kaup á flugfarmiðum og ferðaávisunum.

Að öðru leyti fer fjármögnun hryðjuverka að mestu leyti eins fram og hjá hópum sem stunda skipulagða afbrotastarfsemi.

Nánar um fjármögnun hryðjuverka

Hryðjuverkamaður eða hópur slíkra aðila (t.d. sjóðir eða samtök) hefur það markmið að hvetja til hryðjuverka, styðja þau eða framkvæma hryðjuverk. Slík háttsemi getur farið fram með fjármögnun, þ.e. fjármunum sem koma frá ríki eða fjársterkum aðila, fjármunum sem eru þvættaður ágóði af afbrotum eða fjármunum sem eru löglegir, s.s. frá góðgerðarsamtökum eða söfnunarstarfsemi.

